

Kæri viðtakandi


Við hjá Sjúkratryggingum Íslands (SÍ) viljum benda þér á að allar upplýsingar er varða réttindastöðu þína er hægt að nálgast í Réttindagátt SÍ – sem finna má á heimasíðu SÍ www.sjukra.is

Sí vinnur nú markvisst að því að bæta við rafræna þjónustu eftir þörfum viðskiptavina sinna. Í Réttindagátt verða t.d. öll bréf frá SÍ og hægt verður að fylgjast með réttindum vegna greiðsluþátttöku SÍ í sérfræðiþjónustu, tannlækningum, lyfjum og þjálfunarmálum.


Þetta er liður í aukinni vistvænni starfsemi sem leiðir til minni pappírs og færri póstsendinga, en að sjálfsögðu sendum við bréf áfram til þeirra sem ekki eiga möguleika á að nýta sér rafræn samskipti.

Sjáðu bréfin þín strax – skráðu þig í Réttindagátt (mínar síður)

1. Farið inn á www.sjukra.is og smellið á *Réttindagátt - Einstaklingsþjónusta*



2. Þá birtist valmynd þar sem velja þarf hvaða auðkenni þú vilt nota til að skrá þig inn í gáttina. **Ef þú hefur ekki virkjað Íslykil smelltu á „Panta íslykil hér“.** Skráðu kennitölu þína og Íslykillinn verður sendur í heimabankann þinn. Í heimabankanum er hægt að nálgast Íslykillinn undir "Yfirlit -> Rafræn skjöl" eða "Yfirlit -> Netyfirlit". Ef síðar er farið beint inn á www.island.is, þá þarf að smella á flipann „Íslandstorg“ og velja Sjúkratryggingar.
3. Til að sjá hvaða bréf er búið að senda í gáttina er smellt á **Skjöl** og **Bréf**, þá opnast mynd, sbr. dæmi hér að neðan. Þar er síðan hægt að velja og **Sækja** bréf innan tímabils.



4. Til að fá sendan tölvupóst þegar bréf er birt í Réttindagátt, þarf rétt netfang að vera skráð í þar til gerðan reit undir **Mínar stillingar**.